

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 • 436 1214 • www.voot.is

JÖKULL

1164. tbl • 25. árg.

12. júní 2025



Brimbrettabrun við Rif



Veðrið leikur við fólk þessa dagana og það var raunin þegar Þröstur Albertsson ljósmyndari náði þessari mynd rétt utan við Rif á dögnum. Þarna skemmtir fólk sér á brimbrettum í sjónum en sjórinn við Snæfellsnes er frábær staður til seglbrettasiglinga

og brimbrettasiglinga með flugdreka þar sem rokið er besti vinur siglingafólks. Seglbrettin sem kallast kiteboard á ensku eru blanda af brimbrettum og flugdreka og þykir skemmtilegt sport.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Fjölbreytt dagskrá um helgina

Það verður nóg um að vera í Snæfellsbæ laugardaginn 14. júní þegar aflraunakeppnin Fjallkonan og fyrsta umferð Íslandsmótsins í motocross fer fram á svæðinu. Fyrsta umferð í Íslandsmótinu í motocross hefst snemma á laugardagsmorguninn á braut Motocrossklúbbs Snæfellsbæjar en forsvarsmenn klúbbsins hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi fyrir mótið. Brautin hefur verið endurbætt og er hún í frábæru standi fyrir bæði keppendur og áhorfendur. Áætlað er að keppt verði fram á seinnipart laugardags og þá verði verðlaunaafhending á svæðinu. Fjallkonan er kraftakeppni kvenna sem

fer fram í Snæfellsbæ og Stykkishólmi dagana 14. og 15. júní. Keppnin fer fram fyrir framan Pakkhúsið í Ólafsvík klukkan 12 á laugardeginum en þetta er í annað sinn sem keppnin er haldin og er engu til sparað. Á sunnudeginum færa kraftakonurnar sig svo yfir til Stykkishólms og etja þar kappi fyrir framan kirkjuna, við Hótel Egilsen og uppi í hólma. Þar með er það þó ekki upp talið en laugardaginn 14. júní tekur Reynir á móti Smára á Ólafsvíkuvelli. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá í Snæfellsbæ laugardaginn 14. júní.

SJ

Varðskipið Freyja við Ólafsvíkurhöfn

Það var eflaust einhverjum brugðið þegar óvenjuleg sjón blasti við íbúum og gestum Ólafsvíkur að kvöldi fimmtudagsins 5. júní. Varðskipið Freyja var í víkinni, heldur nálægt grjóttgarðinum í Ólafsvíkurhöfn. Áhöfnin var að setja út nýja innsiglingarbauju við höfnina þar sem sú gamla hvarf fyrir rúmu ári síðan. Áhöfnin á Ólafi Bjarnasyni SH var með sæti á fremsta bekk á meðan innsiglingarbaujunni var komið fyrir en aðeins örfáir metrar voru á milli skipanna rétt utan við höfnina.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Draumar, konur og brauð



Vel var sótt á sýningu heimildarmyndarinnar Draumar, konur og brauð í Samkomuhúsinu á Arnarstapa á annan í hvítasunnu, 9. júní. Myndin fjallar um konur sem reka kaffihús á landsbyggðinni. Fimm kaffihús eru heimsótt og skyggst er inn í líf kvennanna sem þau stofnuðu og reka sjálfar og er komið inn á þeirra drauma og dagdrauma. Kaffihúsin sem koma við sögu eru Gamla Fjós undir Eyjafjöllum, Kaffi Nesbær í Neskaupstað, Frida Chocola-

te á Siglufirði, Kaffi Litlibær í Skötufirði og loks Samkomuhúsið á Arnarstapa sem Ólína Gunnlaugsdóttir á og rekur. Þar er meðal annars sýnt frá kökukeppninni í Samkomuhúsinu og Sólstöðuhátíðina í sveitinni. Sigrún Vala Valgeirsdóttir og Svanlaug Jóhannsdóttir skrifuðu handritið og leikstýra myndinni. Draumar, konur og brauð var frumsýnd í Bíó Paradís í apríl 2023 og verður svo sýnd á RÚV seinna á árinu.

SJ

Leikjanámskeið UMF Víkings/Reynis



Leikjanámskeið Ungmennafélags Víkings Reynis fer fram þessa dagana. Námskeiðið hófst fimmtudaginn 5. júní og stendur yfir til föstudagsins 13. júní. Hressir krakkar á aldrinum 6 til 11 ára koma þar saman og sjá Tinna Ýr og Margrét Eva úr stjórn UMF Víkings Reynis til þess að allir skemmti sér vel ásamt öflugum fylgdarliði. 22 ungmenni

taka þátt í leikjanámskeiðinu að þessu sinni og fjölbreytt og skemmtileg dagskrá í boði, þar má nefna fjöruferð, hjólaferð, útleiki, sund, ratleikur og grill. Á meðfylgjandi mynd eru börnin á leikjanámskeiðinu í góðu yfirlæti eftir hjólaferð með leikjanámskeiðinu þriðjudaginn 10. júní.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is


Sími: 436 1617

Áhrif hækunar á veiðigjöldum

Vegna fyrirhugaðrar hækunar á veiðigjöldum hafa forsvarsmenn sveitarfélaga og atvinnulífs leitað til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem SSV hefur rek- ið ráðgjöf við fyrirtæki og einstak- linga í rekstri. Algengasta spurn- ingin sem samtökin hafa feng- ið er hversu mikil hækkan veiði- gjalda verði miðað við fyrirhugaða breytingu þeirra. Í nýútgefninu Glefsu eftir Vífil Karlsson er þetta mál skoðað út frá stjórnarfrum- varpi nr. 434 2025. Breytingin er miðuð við allar tölur frá 2024 og sýnir því hvernig veiðigjaldið hefði orðið árið 2024 ef lögin hefðu ver- ið eins og frumvarpið kveður á um. Í greiningu Vífil beindist athyglin fljótt að því hvernig hækkanin hitti mis-stóra útgerðaraðila í bolfiski. Í greiningunni beindist athyglin fljótlega að því hvernig hækkanin hitti mis-stóra útgerðaraðila í bol- fiski. Í ljós kom að við fyrirhug- aða breytingu á lögum um veiði- gjöld hefðu þau hækkað hlutfalls- lega mest hjá þeim sem hefðu veitt á bilinu 1-300 tonn af þorski ein- göngu. Magn umfram það hefði síðan lækkað þetta hlutfall stöð-

ugt þar til að magninu 1.000 tonn- um yrði náð og hefði þá lækkað úr 81% niður í 24%. Eftir það hefði það farið aftur hækkanði og orðið mest 77% eftir það. Ef hækkanin er rædd aðeins út frá þorskveiði hefði hækkanin orðið hlutfallslega mest á minnstu skipin en það er hópurinn sem fékk afslátt á allan sinn afla fyrir breytinguna.

Raunhæfasta þróunin er þó fyrir meðaltals tegundadreifingu báta frá Snæfellsbæ 2024, það er ýsu, þorsk og anna afla. Tegunda- dreifing getur verið mjög ólík frá einum báti til annars og á milli veiðislóða og mánaða en ákveðið var að styðjast við meðaldreifingu báta. Þá sést að hækkan veiði- gjalds aflaminnstu skipanna hefði orðið nokkru lægri en í hreinum þorskveiðum, 65% í stað 81% í þorskveiðum en það er út af ýs- unni og öðrum tegundum. Þegar „frítekjumarki“ annarra tegunda hefði verið náð við 9.000.0000 kr. hefði hlutfallið hækkað fyrst og náð hæst 68% við 350 tonna veiði. Svo hefði það lækkað eftir að hagræðið af hækkan hámarks- ins færi að telja. Það hefði læk-



að síðan stöðugt eftir það og náð lágmarki í 17% í 1.250 tonnum en hækkað síðan stöðugt eftir það en aldrei farið yfir 61%.

Þegar Vífill skoðaði fjölda ís- lenskra skipa á Íslandsmiðum ár- ið 2024 og aflamagn þeirra kom í ljós að af 1.110 skipum veiddu 967 undir 350 tonnum í fyrra eða 87% íslenskra skipa. Þá setti hann upp mynd til glöggvunar þar sem hæk- kun veiðigjaldsins hlutfallslega er mátuð við hækkan í krónutölum en á myndinni er stuðst við meðal- tals tegundadreifingu í Snæfellsbæ árið 2024 á myndinni. Eftir þessa skoðun kom í ljós að hlutfallslega

hefði veiðigjaldið hækkað á bilinu 17%-68%, mest á báta sem veiða hvað minnst. Hækkanin í krón- um talið hefði orðið 463 þúsund krónur á bát sem veiðir 50 tonn en 170 milljónir króna fyrir aflahæsta skip Íslands árið 2024 sem veiddi rétt rúmlega 12.000 tonn. Reyndar kann sú tala að hafa verið einhver önnur til eða frá þar sem miðað var við tegundadreifingu Snæfellsbæ- jar til einföldunar. Fyrir áhugasama er hægt að nálgast Glefsuna í heild sinni á vefsíðu Samtaka Sveitarfé- laga á Vesturlandi, www.ssv.is.

Piknik án nafns



Viðburðurinn Piknik án nafns fór fram í annað sinn í Stykkishólmi þann 29. maí. Síðasta vor var þessi skemmtilegi fjöl- skylduviðburður haldinn í fyrsta sinn og nú er hann orðinn að ár- legri hefð. Lautarferðin er haldin í samvinnu við kaþólsku sókn Frans frá Assisi í Stykkishólmi.

Þátttakendur tóku þátt í útileikj- um og allskyns keppnum, boðið var upp á súpu, pylsur og aðrar alþjóðlegar kræsingar. Mína mús kíkta við, ungum og öldnum til mikillar lukku. Allir viðstaddir nutu dagsins saman í blíðskapar- veðri, spjölluðu, hlógu og döns- uðu með Mínu mús.

SJ

**TÖKUM AÐ OKKUR
ALLA MALBIKSVINNU**
- stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211

MALBIKUN
AKUREYRAR

Tilboðs fyrirspurnir
854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is



*Æ, hó, jibbí, jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní*

17. júní í Snæfellsbæ

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní verður að vanda
haldinn hátíðlegur í Snæfellsbæ.

Þjóðhátíðarveislan teygir anga sína víða um bæinn og ættu
allir að geta gert sér glaðan dag með fjölskyldu og vinum.

Gledilega hátíð, kærar íbúar!

Dagskrá:

Kl. 8:00 Íslenski fáninn dreginn að húni

Kl. 10:00 Landsbankahlaup - við Landsbankann í Ólafsvík
Öllum velkomið að taka þátt. Ís í boði að loknu hlaupi.

5 ára og yngri hlaupa 500 metra
6 - 8 ára hlaupa 1,3 km
9 - 11 ára hlaupa 2,5 km
12 - 16 ára hlaupa 3,5 km

Kl. 11:15 Skrúðganga í Sjómannagarðinn
Skrúðganga frá Landsbankanum að loknu hlaupi.

Kl. 11:30 Hátíðardagskrá í Sjómannagarðinum
Kynnir: Halldóra Unnarsdóttir
Setning: Auður Kjartansdóttir
Ávarp fjallkonu
Helgistund
Ræða nýstúdents: Ingibjörg Kristín Kristjánsdóttir
Ingó Geirdal töframaður leikur listir sínar
Tónlistaratriði
Unglingadeildin Drekin verður með sjoppu

Kl. 12:30 Kaffiboð á Hótel Búðum
Hótel Búðir býður upp á hátíðarveislu í tilefni dagsins frá 12:30 til 15:30.
Rjúkandi kaffi, heitt súkkulaði og ilmandi vöflur.

Kl. 13:00 Hesteigendafélagið Hringur
Hesteigendafélagið Hringur teymir undir börnum í reiðhöllinni frá kl. 13:00 - 14:00.


Kl. 14:00 Froðufjör með slökkviliði Snæfellsbæjar við Gilið í Ólafsvík
Ath. að þessi viðburður fer eingöngu fram ef veður leyfir.

Kl. 16:00 Shoot-out golfmót Sjávargrillsins á Fróðárvelli
Golfklúbburinn Jökull blæs til shoot-out golfmóts á Fróðárvelli.
Nánari upplýsingar og skráning hjá golfklúbbum.

Verið velkomin í sund !

Þann 17. júní verður opið í sundlaugum Snæfellsbæjar.

Sundlaugin í Ólafsvík er opin frá kl. 10 - 17.
Lýsulaugar eru opnar frá kl. 11 - 21.



Víkingur í sjötta sæti deildarinnar

Víkingur Ó. spilaði leik á móti Haukum á BIRTU velli þann 4. júní síðastliðinn. Kwame Quee byrjaði sterkt fyrir Víkinga með því að skora á 23. mínútu leiksins. Víkingar spiluðu góðan varnarleik og benti allt til þess að leikurinn myndi fara 1-0 fyrir okkar mönnum. Á 90. mínútu varð Ivan Lopez Cristobal fyrir því óláni að skora sjálfsmark og raunin því sárt jafntefli eftir flottan leik.

Þann 9. júní átti liðið heimaleik á móti Þrótti V. Liðsmenn mættu til leiks hungraðir í sigur og skoraði Luke Williams fyrsta mark leiksins á 24. mínútu. Rétt fyrir

hálfleik bætti fyrirliðinn Ingvar Freyr Þorsteinsson við öðru marki og var því staðan 2-0 fyrir Víking Ó. í hálfleik. Víkingar spiluðu vel í seinni hálfleik og náðu Þróttarar ekki að minnka muninn. Víkingur Ó. græddi fjögur stig á liðinni viku í tveimur leikjum og er komið í 6. sæti deildarinnar með níu stig.

Næsti leikur Víkinga er á laugar-daginn klukkan 14:00 á móti Höttur/Huginn á Fellavelli á Egilsstöðum.

Meðfylgjandi mynd tók Kristinn Steinn Traustason á leik Hauka og Víkings.

JJ



Útskrift úr Grunnskólum



Sumarið er gengið í garð og skólaárinu lokið. Skólaslit Grunnskóla Snæfellsbæjar fóru fram í íþróttahúsinu í Ólafsvík miðviku-daginn 4. júní en það var í 21. sinn sem Grunnskóla Snæfellsbæjar er slitið. Daginn áður, þann 3. júní útskrifuðust 22 nemendur úr 10. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar við hjartnæma og hátíðlega athöfn í Ólafsvíkurkirkju. Allir nemendur komu svo saman í íþróttahúsinu til að slíta skóla en þrír starfsmenn láta af störfum eftir langan og farsælan starfsfer-

il hjá grunnskólanum. Það voru þau Ástrós Gunnarsdóttir skóla-liði, Kristjana Árnadóttir skólaritari og Hilmar Már Arason skóla-stjóri. Grunnskóli Grundarfjarðar sleit sömuleiðis skóla þann 4. júní, 1. til 7. bekkur mættu í íþróttahús Grundarfjarðar til að taka á móti einkunnarblöðum og kveðjugjöfum áður en haldið yrði í sumarfrí. Skólaslit 8. til 10. bekkjar fór svo fram í Grundarfjarðarkirkju þar sem 9 nemendur úr 10. bekk kvöddu skólann í hinsta sinn við hátíðlega athöfn.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Snæfellsjökulshlaupið 2025



Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig í Snæfellsjökulshlaupið sem fer fram þann 21. júní næstkomandi. Hlaupaleiðin er um 22 kílómetrar og hækkunin um 750 metrar. Verðlaun verða veitt fyrir

ir bestu tímana í hverjum flokki og einnig verður fjöldi úrdráttarverðlauna sem slegið hafa í gegn undanfarin ár. Opið er fyrir skráningu til miðnættis sunnudaginn 15. júní.



Mót hjá Skotgrund



Árlegt sjómannaðagsmót Skotgrundar, Skotfélags Snæfellsness var haldið í 13. sinn í gær. Kepppt var í einstaklings- og liðakeppni í leirdúfuskotfimi þar sem sjómenntu öttu kappi við landkrabba. Liðakeppnina sigraði Landsliðið

og Gísli Valur stóð uppi sem mótsmeistari í einstaklingskeppninni. Unnsteinn Guðmundsson var í 2. sæti og Júlíus Már Freysson var í 3. sæti. Karen Ósk Þórisdóttir var mótsmeistari kvenna.

SJ

Kári fékk Landstólpann



Landstólpann er samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar og var hann afhentur í fjórtánda sinn á ársfundi Byggðastofnunar sem fram fór í Breiðdalsvík 8. maí síðastliðinn. Landstólpann er veittur árlega einstaklingum, fyrirtækjum og hópum sem þykja hafa skarað fram úr í verkefnum sínum og störfum. Landstólpann er ætlað að vekja athygli á því góða og fjölbreytta starfi sem fram fer í landsbyggðunum. Við val á Landstólpa ár hvert er leitast eftir því að viðkomandi hafi gefið jákvæða mynd af landsbyggðinni, aukið virkni íbúa eða jafnvel fengið þá til beinnar þátttöku í tilteknu verkefni ásamt því að auka samstöðu og jákvæðni íbúa. Í ár bárust 35 tilnefningar vegna samtals 25 aðila/verkefna víðsvegar að af landinu og var niðurstaða dómnefndar sú að veita Kára Viðarssyni í Frystiklefanum á Rífi Landstólpann árið 2025 en hann er fyrstur vestlendinga til að hljóta heiðurinn að nafnbótinni. Kári er stofnandi og eigandi Frystiklefans á Rífi. Hann nam leiklist við Rose Bruford College í London og út-

skrifaðist þaðan árið 2009. Hann hefur unnið sem sjálfstætt starfandi leikari, höfundur og framleiðandi við fjölda leiksýninga í Frystiklefanum og í samstarfi við önnur leikhús og leikhópa. Auk þess hefur hann staðið fyrir ýmsum öðrum viðburðum á Hellissandi og Rífi í gegnum Frystiklefan. Þar má t.d. nefna Tónlistarhátíðina TeneRif og götulistahátíðina Hellissandur Street Art Festival þar sem hús um allan Hellissand hafa verið skreytt listaverkum. Í úthlutun Landstólpanns segir Byggðastofnun að fá menningarverkefni á landsbyggðinni hafa haft eins mikil samfélagsleg áhrif og Frystiklefinn á Rífi. Kári Viðarsson hafi með stofnun menningarmiðstöðvarinnar sýnt fram á hvað listir og faglegt menningarstarf geta haft öflug áhrif á byggðapróun í landsbyggðunum og færa megi rök fyrir því að menningarlíf, mannlíf og atvinnulíf hafi orðið fjölbreyttara á Vesturlandi með tilkomu starfsemi Frystiklefans og laðað að fjölda gesta og nýbúa.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Fræðsludagskrá Þjóðgarðsins

Snæfellsjökulþjóðgarður hefur nú gefið út fræðsludagskrá fyrir sumarið og verður nóg um að vera fyrir áhugasama. Frá 6. júní til 12. september munu landverðir bjóða upp á daglegar fræðslugöngur í Snæfellsjökulþjóðgarði. Göngurnar eru að jafnaði auðveldar og henta öllum aldri. Auk þess verður boðið upp á vikulegar sérgöngur alla miðvikudaga í júlí og ágúst

þar sem áhersla er lögð að sérstök þemu eða svæði innan þjóðgarðsins. Á fimmtudögum í júlí og ágúst verða barnastundir haldnar í þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi en þá munu landverðir bjóða upp á skemmtilega fræðslustund og leiki sem henta börnum á öllum aldri. Fræðsludagskráin hefur verið birt í heild sinni á vefsíðu þjóðgarðsins.

JJ

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.



Vorhreinsun í Snæfellsbæ

Vorhreinsun stendur yfir í Snæfellsbæ frá 30. maí til 16. júní 2025.

Gámar fyrir garðúrgang ásamt gámum með mold hafa verið settir upp á eftirfarandi stöðum:

Ólafsvík: við Dalbraut, í dalnum bak við JE Bílverk

Rif: á túni við grenndarstöð nærri Háarifi 8

Hellissandur: við félagsheimilið Röst

Kraftmolta er í boði í dalnum Ólafsvík. Úrgangi öðrum en lífrænum skal skilað á starfsstöð Kubbs í Ólafsvík, opið þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15 - 18 og laugardaga frá kl. 11 - 15.

Rusl úr gördum og nærumhverfi verður **ekki** hirt við lóðarmörk. Garðúrgangi skal skila í þar til gerða gáma. Úrgangi skal losa úr pokum eða öðrum ólífrænum ílátum.

